

Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 108.*

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn á Blöndósi 16. mars 2023 kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnaugsson, áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs., Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir frá SSNV undir dagskrárliðum 2 og 3 og Margeiri Friðriksson sviðstjóri Stjórnsýslu og fjármálasviðs Skagafjarðar. Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá

- Fundargerðir stjórnarfundar 107
- Aðrir valkostir við förgun úrgangs
- Stækkun urðunarhólfs
- Starfsleyfisumsókn
- Minnisblað um förgun dýraleifa
- Staða og horfur í rekstri
 - Rekstur urðunarstaðar
 - Starfsmannahald
- Ársreikningur 2022
- Fjárhagsáætlun 2023-2026
- Aðalfundur 2023, ákvörðun um dagskrá og fundarstað
- Önnur mál

1. Fundargerð fundar 107

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Aðrir valkostir við förgun úrgangs

Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir atvinnuráðgjafi SSNV kom á fundinn og gerði grein fyrir verkefni sem SSNV hefur farið af stað með í samvinnu við Umhverfisráðuneytið og Eyþing um hagkvæmiathugun á byggingu brennsluofns fyrir sorp á Norðurlandi. Fyrir liggur skýrsla frá september 2019 sem unnin var af starfshópi skipuðum að SSNV og Eyþing um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi þar sem ein af þremur sviðsmyndum var bygging

á slíkum ofni. Vinna við þessa samantekt er rétt að hefjast en einnig er unnið að nýrri svæðisáætlun allra sveitarfélaga á Norðurlandi um meðhöndlun úrgangs.

Kom fram í máli Ólafar að við þeirra vinnu væri meðal annars horft til kosta og galla við mismunandi staðsetningar á slíkri brennslu útfrá flutningskostnaði á sorpinu og þeirri ösku sem farga þarf að brennslu lokinni. Í umræðum kom fram að mikið fellur til í dag af óvirkum og óbrennanlegum úrgangi sem kemur til urðunar í Stekkjarvík. Eins er mikil óvissa um hvaða áhrif aukin flokkun muni hafa á magn þess sorps sem eftir verður til brennslu eða annarrar förgunar, en stjórnvöld hafa sett markmið um að árið 2035 verði einungis heimilt að urða 10% af þeim heimilisúrgangi sem til fellur. Þessu markmiði á að ná með aukinni flokkun.

3. Stækkun urðunarhólfs

Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu gerði grein fyrir þeim valkostum sem í boði eru til stækkunar á núverandi urðunarhólfi fyrir sorp. Gert er ráð fyrir að núverandi urðunarhólf fyllist á árinu 2024 og þarf því stækkað hólf að vera tilbúið í árslok 2023. Erfitt er að spá fyrir um þróun á sorpmagni næstu ára en fyrir liggja markmið stjórnvalda um að aukinn flokkun á heimilisúrgangi leiði til betri nýtingar á sorpi og að magn til urðunar verði komið í 10% af því magni sem fellur til í dag. Ekki liggja fyrir sambærileg markmið um aukna flokkun á sorpi frá fyrirtækjum. Samþykkt að fela Gunnari að klára útfærslu á fyrirhugaðri stækkun ásamt verk- og framkvæmdaráætlun þar sem gert yrði ráð fyrir að stækkunin yrði í heild um 250.000 m³, þar af stækkun á hólfi fyrir lífrænan úrgang um 36.000 m³. Ákvörðunin verður lögð fyrir aðalfund félagsins.

4. Starfsleyfisumsókn

Gunnar lagði fram drög að svörum við spurningum sem UST sendi vegna vinnu við uppfærslu og endurnýjun á starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn. Gunnari og Magnúsi falið að klára framlögð drög og senda UST. Gunnar tók einnig að sér að senda inn önnur gögn sem óskað hefur verið eftir svo UST geti gefið út endurnýjað starfsleyfi.

5. Minnisblað um förgun dýraleifa

Lagt fram minnisblað frá Stefáni Gíslasyni hjá Environice um ábyrgð sveitarstjórna og mögulegar úrvinnsluleiðir við förgun dýraleifa. Minnisblaðið er byggt á skýrslu sem nýlega var unnin fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Í minnisblaðinu er farið yfir stöðu mála á Íslandi og skyldur sveitarfélaga. Einnig er farið yfir það fyrirkomulag sem er við förgun dýraleifa á hinum Norðurlöndunum og sett fram framtíðarsýn um lausn þessara mála hér á landi. Í umræðum um minnisblaðið kom meðal annars fram að nauðsynlegt væri að ræða þær lausnir sem í boði eru við sláturleyfishafa, en frá þeim kemur langstærstur hluti þess sláturúrgangs sem er til förgunar. Ekki eru heldur öll sveitarfélög að bjóða upp á lausnir við

söfnun dýrahraeja. Á hinum Norðurlöndunum er það verkefni sláturleyfishafa og sjálfstætt starfandi fyrirtækja að leysa þessi mál en ekki sveitarfélaga.

6. Staða of horfur í rekstri

a) Rekstur urðunarstaðarins

Elvar Bjarki fór yfir stöðuna en það sem af er ári hafa komið til urðunar 4.300 tonn sem er heldur meira en á sama tímapunkti undanfarinna ára. Af því magni sem komið hefur er meira um grófan byggingarúrgang að ræða en verið hefur. Daglegur rekstur gengur vel þrátt fyrir að miklar frosthörkur og risótt veðurfar hafi haft neikvæð áhrif á vinnuna. Samhliða daglegum rekstri er unnið að viðhaldi véla og tækja ásamt ýmiskonar umhirðu á staðnum. Kom fram hjá Elvari að huga þyrfti að endurnýjun á bæði traktorsgröfu og hjólaskóflu. Gert er ráð fyrir að hægt verði að kaupa notaða traktorsgröfu en ólíklegt er að það verði valkostur við endurnýjun á hjólaskóflunni. Ekki voru teknar endanlegar ákvarðanir um kaup en málinu vísað til fjárhagsáætlunar vegna ársins 2024. Nýlega keypt Hitachi beltagrafa hefur reynt mjög vel.

b) Starfsmannamál

Magnús gerði grein fyrir stöðu starfsmannamála og þeirri framlengingu á ráðningarsamningi sem gerð hefur verið við Elvar Bjarka. Stjórn staðfesti ráðningarsamninginn.

7. Ársreikningur 2022

Margeir Friðriksson fór yfir fyrirliggjandi ársreikning. Á árinu 2022 voru rekstrartekjur félagsins 209 milljónir og hækkuðu um 17,3 millj. kr. milli ára eða um 9%. Hagnaður félagsins á árinu 2022 nam 51,5 millj. kr. en var 36,2 millj. kr. árið 2021. Eigið fé félagsins í árslok nam 634,1 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 582,6 millj. kr. á árinu 2021. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórn Norðurár bs. samþykkir ársreikninginn fyrir sitt leyti og leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

8. Fjárhagsáætlun 2024 – 2026

Margeir lagði fram uppfærða rekstraráætlun ársins 2023 til samræmis við niðurstöðu ársreiknings 2022. Jafnframt lagði hann fram rekstraráætlun fyrir árin 2023 – 2026. Gera þarf breytingar á áætlaðri fjárfestingu 2023 með hliðsjón af ákvörðun um stækkun urðunarhólsins og hugsanlegar endurnýjunar á traktorsgröfu og hjólaskóflu. Margeiri falið að vinna breytingarnar og leggja uppfærða áætlun fyrir stjórnarfund í næstu viku þannig að áætlanir fari fyrir aðalfund til staðfestingar.

9. Aðalfundur 2023

Samþykkt að boða til aðalfundar Norðurá bs., mánudaginn 27. mars í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði. Farið yfir drög að dagskrá og Magnúsi falið að boða fundinn.

10. Önnur mál

Magnús gerði grein fyrir niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á kæru sem Norðurá bs. lagði fram 22. október 2021 vegna álagningar viðbótargjalds að fjárhæð 541.200 kr vegna mengunareftirlits árið 2020. Niðurstaða úrskurðanefndarinnar var að fella úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 3. júní 2021 um innheimtu viðbótargjalds að fjárhæð kr. 541.200 vegna mengunareftirlits árið 2020 á kæranda.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 19:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Elvar Bjarki Gíslason